

18
20. febr.

Fyrir því skal svo fyrirskipað sem hjer segir:

1. Akraneshreppi í Borgarfjarðarsýslu skal skipt í 2 hreppa, er nefnist Ytri-Akraneshreppur og Innri-Akraneshreppur, og skulu takmörkin milli hreppanna myndast af línu, er dregin sje beina sjónhending úr Kalmannsvíkurlækjarósi austanvert við Jaðarstúnið og þaðan eptir gömlu garðlagi, sem liggur suður og ofanað sjónum fyrir austan Jaðar í Klöpp pá, er liggur á miðjum Langasandi, þannig að allt það land, sem liggur Skagamegin við áminnsta línu liggi í Ytri-Akraneshreppi en hinn hlutinn í Innri-Akraneshreppi.
2. Öllum eignum skuldum og ómagameðlögum hins núverandi Akraneshrepps, þeim sem verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt á milli hinna nýju hreppa að til- tölu við sveitarútsvörin 5 síðastliðin fardagaár, einsog þau hafa verið í hvorum hluta hins sameinaða hrepps um sig, og eptir sama hlutfalli skal skipta ómagameðlögum, sem síðar kunna að koma til og sem eiga rót sína í fjelagsskap þeim, milli hinna nýju hreppa, er hingað til hefur átt sjer stað.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara undir eins og amtmaður hefur ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi, samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar eptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og ómagameðlögum og sýslunefndin skera úr, ef ágreiningur verður.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

19
20. febr.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um neitun

á endurborgun útflutningsgjalds. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 14. p. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi bæjarfógetans á Ísafirði, þarsem hann skýrir frá, að hann hafi synjað Hans A. Clausens verzlun þar í kaupstaðnum um að endurgjalda henni útflutningsgjald, að upphæð kr. 139,70, af saltfiski, sem átti að flytjast út með skipinu Gertrude Sarauw, en sem síðar var seldur á uppboðsþingi í Ísafjarðarsýslu, með því að umgetið skip strandaði á Skutulsfirði nóttina milli 14. og 15. nóv. f. á. eptir að það að öllu leyti var afgreitt til burtsiglingar, en jafnframt hefir bæjarfógetinn samkvæmt ósk hlutadeigandi verzlunarstjóra beiðst æðri úrskurðar um, hvort umrædd endurgjaldskrafa eigi að takast til greina.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er yður og bæjarfógetanum á Ísafirði samdóma um, að sjerstaka lagaheimild þyrfti til að endurborga rjettilega greitt útflutningsgjald og að með því að slík lagaheimild ekki er til, þá verði endurborgun sú, sem farið hefur verið fram á, eigi veitt.

EMBÆTTISSKIPUN.

24. febr. veitti landshöfðingi fyrrum presti að Kálfholti, sjera Stefáni Thordersen Vestmannaeyja prestakall í Rangárvallaprófastsdæmi frá næstkomandi fardögum.